

1. kafli

## Hvers vegna villigarð?



Flestum mönnum er í blóð borin ást á náttúrunni. Þetta er hvað augljósast hjá börnum sem hlaupa fagnandi að

bakkanum niður við Tjörn þegar þau fá brauðmola til þess að gefa öndunum. Þegar fiðrildi flýgur inn í híbýli fólks opna flestir gluggann til þess að reka það með lagni út í frelsið.

Að komast í snertingu við náttúruna virðist vera nauðsynlegt ef við eigum að komast af í nútíma þjóðfélagi. Sívaxandi vinsældir laxveiða, skotveiða, hestamennsku og gönguferða um fjöll og firnindi bera þessu glöggt vitni. Aðeins nokkurra mínútna dvöl og afslöppun innan um tré og runna gerir það að verkum að jafnvel þreyttasti steypuþræll er til í hvað sem er. Þá er það ekki síður töfrandi að þessu deilir maður með fjöldanum öllum af öðrum lífverum. Sumar eru áberandi, aðrar ekki. Fuglarnir í trjákrónunum auglýsa tilveru sína með söng og flögri grein af grein. Þeir eru þó ekki að syngja fyrir okkur. Heldur eru þeir að segja öðrum fuglum að vara sig því þetta sé þeirra svæði. Eða eins og Sir David Attenborough orðaði það svo skemmtilega í myndaflokknum um lífsbaráttu

dýranna „það verður sungið á boðflennur!“.

Býflugurnar og fiðrildin eru minna áberandi og fjöldinn sem býr í grasinu og niðri í jörðinni lætur hvað minnst á sér kræla.

En einmitt þar er fjölbreytnin mest. Veldu þér stað þar sem lítið ber á þér og laufið er þétt og fylgstu vandlega með lífinu í þessum „mini“-frumskógi í fimm mínútur. Þegar augu þín venjast þessari



Þessar elskur eru alltaf að ef veður og hitastig leyfir.

nýju stærð ferðu smám saman að sjá fleiri og fleiri kvikindi, sem öll eru í lífsbaráttu rétt undir nefinu á þér. Ef þig langar til þess að eyða verulega skemmtilegum háltíma í „safari“, leggðu þá um metralangan bandspotta í gegnum svona „mini“skóg og fáðu þér stækkunargler. Leggstu svo á fjóra fætur og skoðaðu í rólegheitum slóðina sem spottinn markar.

Það er ekki órökrétt að álykta að það umhverfi sem er heilsusamlegt fyrir svona smákvikindi, hlýtur að vera heilsu-


samlegt fyrir okkur sem stærri erum. Þar af leiðir að umhverfi sem er fjandsamlegt smádýrunum getur varla verið mjög gott fyrir okkur. Þess vegna er það svo óhugnanlegt að uppgötva hversu fjandsamlegt við höfum gert umhverfi okkar síðustu áratugin. Við höfum breytt eðlilegu jafnvægi náttúrunnar með alls konar hættulegum efnum, þurrkað upp mýrar og gert landbúnaðinn að eins konar efnaiðnaði með óhóflegri áburðargjöf af ólífrænum toga. Gamli, góði, lífræni húsdýraáburðurinn dugir ekki lengur. Verksmiðjur spúa misjafnlega óhollum efnum út í andrúmsloftið.



Úr Haukadal. Hér verða fáir veikir.

Þetta er nokkuð dökk mynd sem ég hef dregið hér upp, en byrjað er að snúa vörn í sókn. Fólk er að verða meðvitaðra um umhverfi sitt. Alls konar gróðurvernd og uppgræðsla er slagorð nútímans og trjárækt sækir á. Þá hefur lífrænn landbúnaður sótt í sig veðrið og kannski ekki seinna vænna. Það hefur sem sé komið í ljós að við erum verr sett með allt okkar eitur en forfeður okkar voru. Í nýlegri rannsókn í Bandaríkjunum kom í ljós að

fyrir daga skordýraeitursins náðu “meindýr” að eyðileggja og éta um 31% landbúnaðaruppskerunnar. Svo var byrjað að eitra og nú er hlutfallið komið upp í 37%.




Maðkurinn þarf líka sitt.

Sem betur fer erum við betur sett en margar nágrannaþjóðanna að því leyti að hér er nóg landrymi sem ekki er nýtt til annars en beitar og augnayndis. Hugsíð ykkur hvernig ástandið væri hér ef Ísland væri álíka þéttbýlt og Bretland eða Þýskaland.

Það breytir þó ekki því að í borgum og bæjum finnst dýralíf sem okkur er skylt að búa í haginn fyrir og vernda. Það gæti þó verið fjölbreyttara. Við fyrstu sýn virðist borgin eða bærinn vera steinsteypu-frumskógur fremur andsnúinn fjölbreyttu dýralífi. Hávær umferð, mengun og steindautt malbik. Þetta er þó ekki alveg rétt mynd af borginni því ef maður fer t.d. upp í Hallgrímskirkjuturn á sumardeg og horfir yfir Reykjavík er borgin meira græn en svört. Garðar og grasblettir setja sterkan svip á borgina og alltaf fjölgar

trjám og runnum sem hækka ár frá ári. Eftir tíu til tuttugu ár verða stór hverfi borgarinnar horfin inn í gróðurbelti sem ættu að geta veitt ýmsum lífverum mat og skjól. Það er nefnilega svo að þrátt fyrir allt getur það haft ýmsa kosti fyrir sumar dýrategundir að búa í borgum. Sem dæmi má nefna starann og dúfurnar sem eru nöska á að finna, og notfæra sér, lélega einangrun húsa og verpa þar sem hlýju er að finna. Þá má líka nefna villibýið sem kemur í flokkum í garða fólks á sumrin og safnar hunangi og frjókorni úr blómstrandi skrautplöntum.



Svona er hægt að mynda gróðurstíga. Lóðunum er ráðað eins og kubbum og heilu hverfin verða vistvæn fyrir dýr, menn og gróður.

Til að allt þetta geti gerst þarf eins konar „gróðurstíga“ sem smádyrin geta fíkrað sig eftir því ekki geta öll flogið. Ef landsvæði er friðað myndast þessir gróðurstígar af sjálfu sér. Fyrst kemur birkið og víðirinn. Fræ þessara tegunda berst víða með vindi. Birkifræið er lítið og létt og fræ víðisins berst líkt og í bómullarhnoðra, eins og fræ af biðu-

kollu, með blænum. Um leið og þessar plöntur vaxa upp fara þær sjálfar að bera fræ og dreifa sér enn lengra. Dæmi um þetta má víða finna en kannski eru augljósustu dæmin við Egilsstaða- og Akureyrarflugvöll þar sem land hefur verið friðað fyrir beit. Svo koma fuglar og setjast á greinarnar og þeir eru flestir berja- og fræætur. Þeir hafa etið rifsber,



Hvaðan barst fræið af þessu bláberjalyngi (*Vaccinium uliginosum*) í Óskjuhlíðina? Og með hverjum?

sólber, stikilsber og reyniber svo að eitt-hvað sé nefnt. Og við það að fara í gegnum meltingarveginn hjá fuglunum, þar sem fræin eru afhýdd aldinkjötinu og böðuð meltingarsýrum, verða þau tilbúin fyrir tafarlausa spírun þegar rétt skilyrði eru fyrir hendi. Enda er þeim skilað til móður jarðar með lífrænum áburðarskammti. Dæmi um þetta í Reykjavík voru gömlu saltfiskreitirnir fyrir norðan Háteigskirkju. Þar var sprottið upp sjálf-sáið birki, reynir og víðir og á einum stað var rífshrísla að teygja sig upp úr jörðinni. Það var mikill skaði þegar þetta lífríki var

sett undir ýtutönnina og því breytt í bíla-  
stæði.

Þar sem fura og lerki er farið að bera  
ávöxt má sjá trjáþyrpingar þar sem mýs  
hafa borið fræ í forðabúr. Fræið hefur svo  
spírað og vaxið upp áður en mýsnar hafa  
náð að eta það. Dæmi um þetta má finna í  
Hallormsstaðarskógi. Reyndar eru dæmi  
um þetta miklu algengari erlendis þar sem  
loftslag er hagstæðara.

eru ekki eins hagstæðir og þar sem gróð-  
urinn fær að vera nokkuð villtur og náttúr-  
legur. En þessir garðar bjóða þó upp á  
gífurlega möguleika fyrir villt dýr. Tökum  
sem dæmi garð eins og Miklatúnið í  
Reykjavík. Þarna eru tré og runnar af  
ýmsum tegundum og endalausar gras-  
flatir. Það þarf ekki miklar breytingar til  
að gjörbylta þessum stað til hins betra.  
Smábreyting á slætti breytir æði miklu.



Horn Sóleyjargötu, Njarðargötu og Hringbrautar síðla vors 1996. Hrafnaklukka (*Cardamine nymani*)  
og fiflar (*Taraxacum spp.*) gleðja augað fyrir óþarfa slátt.

Allur sá gróður sem fyrirfinnst í borg-  
um, sem er alls ekki svo lítil, myndar  
geysilega stórt svæði þar sem ótölulegur  
fjöldi dýra af öllum stigum getur þrífist.  
Þessi gróður er þó misjafnlega hentugur  
fyrir smádýrin. Almenningsgarðar sem  
eru slegnir meira og minna allt sumarið,

Það væri til dæmis hægt að skilja eftir  
svæði kringum trén sem ekki væru slegin  
fyrir en í ágúst eða september. Ég á von á  
því að það yrðu ýmsir undrandi á þeim  
gróðri sem sprytti upp úr grasflötinni ef  
hætt væri að slá hana svona reglulega. Í  
grassverðinum eru ýmsar plöntur sem

aldrei ná að blómstra vegna þess að þær eru alltaf slegnar niðri við jörð. Í þessi svæði væri einnig hægt að setja niður haustlauka sem kæmu upp snemma á vorin ár eftir ár. Þá væri hægt að dreifa fræjum af ýmsum tegundum í skikana til þess að auka enn frekar á fjölbreytnina. Svona svæði eru nokkuð algeng í gördum í London og er reyndar fátt sem gleður augað jafnmikið og þau. Ef bara 10% af snöggslegnum grasflötunum væri leyft að vaxa og blómstra, hefði það geysileg áhrif á dýralífið á svæðinu. Þetta er hægt að gera við alla almenningsgarða, skólalóðir, spítalalóðir, umferðareyjar o.s.frv..



Miklatúnið í Reykjavík. Ímyndið ykkur hvað væri hægt að láta blómstra hér.

Stærsti hluti grænu svæðanna eru þó einkagarðar. Garðurinn minn og garðurinn þinn eru kannski ekki stórir, en þegar allir garðarnir eru komnir saman í eina heild kemur upp annar flötur á málinu. Ef þú skipuleggur garðinn þinn í samræmi við hefðir tuttugustu aldarinnar, plantarðu framandi runnum, trjám og blómum og

setur þar með náttúrlegt dýralíf í nákvæmlega sömu fjandsamlegu pressuna og nútíma landbúnaður. Taktu upp skynsamlegri aðferðir. Athugaðu hversu margar tegundir, plöntur og dýr þú getur fengið til að lifa í garðinum þínum í stað þess að finna fleiri og fleiri tegundir til að drepa. Jafnvel minnstu borgargarðar geta veitt fjölda tegunda skjól. Talaðu við nágranna þína. Fáðu þá til þess að nota minna af skordýraeitri, setja niður runna, búa til tjarnir og hætta að henda haustlaufinu. Á stuttum tíma verður vart við fjölskrúðgra fuglalíf, fleiri fiðrildi og garðurinn mun breytast í útliti. Hann lyktar og hljómar öðruvísi. Þú eignast garð, fullan af lífi sem verður þér til ánægju og yndisauka. Og það sem meira er, streð og vinna minnkar þar sem náttúran sjálf sér um garðvinnuna að mestu leyti. Þeir sem hafa gengið í skógi og virt fyrir sér botngróðurinn geta gert sér í hugarlund hvað það er sem ég á við.



Skógarbotn. Gróðurinn er alveg samfelldur og hvergi sér í mold. Þetta er líka hægt að gera í gördum. Engin beð full af „illgresi“.





Hér er skógarbotn í Öskjuhlíðinni. Það er þetta gullna samræmi gróðurs og grjóts sem við viljum stefna að. Hafðu þessa mynd í huga þegar þú skipuleggur garðinn þinn. Þarf nokkur tíman að taka til hendinni hér nema til þess að grisja tré?

## Undraefnið molta.

Fátt er það sem hjálpar jarðveginum eins mikið til að viðhalda réttu sýrustigi og moltan. Hún virðist hafa þann eiginleika að geta jafnað út og leiðrétt of hátt eða of lágt sýrustig. Þessvegna er mjög nauðsynlegt að auka lífrænt innihald jarðvegsins og þar með gerla-gróður með molta. Það hefur einnig sýnt sig að ýmis eiturefni sem geta verið hættuleg bindast moltunni og eyðast.